



Leiðbeiningar um virðisaukaskatt í ferðapjónustu

Í leiðbeiningum þessum er leitast við að skýra þær reglur sem gilda um virðisaukaskatt af ferðapjónustu og annarri ferðatengdri þjónustu. Til þjónustu af þessum toga má nefna gistipjónustu, sölu á veitingum og fólksflutninga.



Efnisyfirlit

1	SALA Á GISTIPJÓNUSTU	3
1.1	ÚTLEIGA HÓTEL- OG GISTIHERBERGJA	3
1.1.1	Gisting afbókuð eða viðskiptavinur mætir ekki	3
1.2	TJALDSTÆÐI	4
1.2.1	Gisting afbókuð eða viðskiptavinur mætir ekki	4
1.3	ÖNNUR GISTIPJÓNUSTA	4
1.4	GISTINÁTTASKATTUR	4
1.4.1	Gististaðir, tjaldstæði o.fl.	4
1.4.2	Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum	4
1.4.3	Undanþágur frá greiðslu gistináttaskatts	4
1.4.4	Virðisaukaskattur og tímamark tekjuskráningar	4
1.4.5	Uppgjör gistináttaskatts	4
1.5	INNVIÐAGJALD	5
1.5.1	Undanþágur frá greiðslu innviðagjalds	5
1.5.2	Uppgjör innviðagjalds	5
1.6	SALA Á GISTIPJÓNUSTU Í BLANDAÐRI STARFSEMI	5
2	FÓLKSFLUTNINGAR	5
2.1	FÓLKSFLUTNINGAR INNANLANDS	5
2.2	FÓLKSFLUTNINGAR MILLI LANDA	5
2.3	PJÓNUSTA LEIÐSÖGUMANNA	5
2.4	SALA Á AKSTURSPJÓNUSTU	6
2.4.1	Bifreiðastjóri á eigin bifreið	6
2.4.2	Bifreiðastjóri án eigin bifreiðar	6
2.4.3	Pjónusta leiðsögumanns og bifreiðastjóra sama aðila	6
3	VEITINGAÞJÓNUSTA – SALA Á MATVÖRUM	6
4	BIFREIÐA- OG ÖKUTÆKJALEIGUR O.FL.	7
5	STARFSEMI FERÐASKRIFSTOFA, FERÐASKIPULEGGJENDA OG FERÐAFÉLAGA	7
5.1	VELTA Í HÆRRÁ SKATTHLUTFALLINU	7
5.2	VELTA Í LÆGRA SKATTHLUTFALLINU	7
5.3	VELTA UNÐANÞEGIN VIRÐISAUKASKATTI (NÚLL SKATTUR)	7
5.4	UNÐANÞEGIN STARFSEMI	7
6	BAÐHÚS, BAÐSTAÐIR OG GUFUBÖÐ	7
7	SKRÁNING Á VIRÐISAUKASKATTSSKRÁ	7
8	TEKJUSKRÁNING OG BÓKHALD	8
8.1	BLÖNDUÐ SALA - AÐGREINING Á SÖLUREIKNINGUM	8
9	INNSKATTUR	8
9.1	INNSKATTUR VEGNA GISTIPJÓNUSTU	8
9.2	INNSKATTUR VEGNA FÓLKSFLUTNINGA	9
9.2.1	Fólksbifreiðar í farþegaflutningum	9
9.2.2	Hópbifreiðar	9
9.3	INNSKATTUR FERÐASKRIFSTOFA OG FERÐASKIPULEGGJENDA	9
	VIÐAUKI A – MATVÖRUR OG AÐRAR VÖRUR TIL MANNELDIS	10



Samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, nær skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra og til allrar vinnu og þjónustu sem ekki er sérstaklega undanþegin skv. 3. mgr. sömu greinar. Ferðapjónusta og önnur ferðatengd þjónusta er almennt virðisaukaskattsskyld en meðal undanþága á þessu sviði má nefna almenningssamgöngur og ferðatengda þjónustu eins og sölu á veiðileyfum í ár og vötn.

Almennt telst ferðapjónusta og önnur ferðatengd þjónusta til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988 en í einstaka tilvikum telst hún til undanþeginnar veltu skv. 12. gr. laganna, svo sem þegar um fólksflutninga milli landa er að ræða.

Sala á ferðapjónustu og annarri ferðatengdri þjónustu fellur ýmist undir hið almenna skatthlutfall virðisaukaskatts, 24%, eða það lægra, 11%. Í leiðbeiningum þessum er vísað til hærri og lægra skatthlutfalls og er þar átt við framangreind hlutföll.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir virðisaukaskatti af starfsemi sem tengist ferðapjónustu, en tekið skal fram að umfjöllunin er ekki tæmandi.

1 Sala á gistiþjónustu

1.1 Útleiga hótél- og gistiherbergja

Útleiga hótél- og gistiherbergja er ávallt skattskyld í lægra skatthlutfallinu, óháð leigutíma.

1.1.1 Gisting afbókuð eða viðskiptavinur mætir ekki

Komi til þess að viðskiptavinur afbóki gistingu með takmörkuðum endurgreiðslumöguleikum, þannig að rekstraraðili haldi eftir hluta eða allri greiðslunni fyrir gistingu, ber engu að síður að innheimta virðisaukaskatt af greiðslunni í lægra skatthlutfallinu. Litið er svo á að greiðslan standi í það nánnum tengslum við sölu gistingar að virðisaukaskattur leggst á greiðsluna líkt og um sölu á gistingu væri að ræða.

Þegar viðskiptavinur mætir ekki án þess þó að hafa afbókað gistiþjónustu (e. „no-show“) gilda sömu sjónarmið og hér að framan.

1.2 Tjaldstæði

Útleiga tjaldstæða er einnig skattskyld í lægra skatthlutfalli-
nu óháð leigutíma. Aðgangur að rafmagni, salernisaðstöðu
og sturtum á tjaldstæði telst hluti af gistipjónustunni og því
skattskyldur í sama skatthlutfalli, óháð því hvort sú þjónusta
er innifalin í aðgangseyri að tjaldsvæði. Ef aðgangur að raf-
magni, salernisaðstöðu og sturtu er ekki í neinum tengslum
við sölu á gistingu þá ber sú þjónusta virðisaukaskatt í hærra
skatthlutfallinu.

1.2.1 Gisting afbókuð eða viðskiptavinur mætir ekki

Sömu sjónarmið eiga við hér og í kafla 1.1.1.

1.3 Önnur gistipjónusta

Önnur gistipjónusta en útleiga hótél- og gistiherbergja og
tjaldstæða er skattskyld í lægra skatthlutfallinu eingöngu
þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Hér má nefna
gistingu á einkaheimilum (heimagistingu), sveitabæjum, í
veiðihúsum, sumarbústöðum, og gistiskálum hvers konar.

Hafi aðili hins vegar eingöngu með höndum útleigu á hús-
næði, sem ekki telst vera hótél- eða gistiherbergi, eða tjald-
stæði, til lengri tíma en eins mánaðar, telst starfsemi hans til
fasteignaleigu sem er undanþegin virðisaukaskatti, enda séu
almenn skilyrði fasteignaleigu uppfyllt. Í þessu sambandi ber
að nefna að aðstöðuleiga er virðisaukaskattsskyld þjónusta í
hærra skatthlutfallinu.

1.4 Gistináttaskattur

1.4.1 Gististaðir, tjaldstæði o.fl.

Þeir sem hafa með höndum rekstur gististaðar sem hefur
rekstrarleyfi í flokki II-IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði,
gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, og rekstur tjald-
stæða og stæða fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi,
skulu greiða gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu.
Með henni er átt við leigu á gistiaðstöðu í allt að einn sólar-
hring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistiaðstöðu er átt við húsnæði
eða svæði, þar á meðal um borð í skemmtiferðaskipi, sem
leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefn-
aðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og
leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar.

Gistináttaskattur af hverri seldri gistináttaeiningu á gisti-
stað sem hefur rekstrarleyfi í flokki II-IV, sbr. 3. gr. laga nr.
85/2007 skal vera 800 kr.

Gistináttaskattur af hverri seldri gistináttaeiningu á tjald-
stæði og stæðum fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjól-
hýsi skal vera 400 kr.

1.4.2 Skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum

Þeir sem hafa með höndum innanlandssiglingar skemmti-
ferðaskipa við Ísland skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvern
dvalargest fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem farþegi dvelur
í skipinu.

Gistináttaskattur fyrir hvern farþega á hvern byrjaðan
sólarhring skal vera 400 kr.

1.4.3 Undanþágur frá greiðslu gistináttaskatts

Þeim sem hafa með höndum sölu á gistingu skv. kafla 1.4.1,
en eru ekki skráðir á virðisaukaskattsskrá vegna undanþágu
frá skráningarskyldu, ber ekki að greiða gistináttaskatt.

Enn fremur ber ekki að greiða gistináttaskatt fyrir
gistiaðstöðu sem áhöfn og annað starfsfólk í skemmti-
ferðaskipi í innanlandssiglingum við Ísland hafa til umráða
um borð í skipinu.

1.4.4 Virðisaukaskattur og tímamark tekjuskráningar

Gistináttaskattur telst ekki til skattverðs í virðisaukaskatti og
leggst því ekki virðisaukaskattur á gistináttaskatt við sölu á
gistináttaeiningu.

Þar sem gistináttaskatturinn telst ekki til skattverðs gerir
það rekstraraðilum kleift að innheimta skattinn á öðru tíma-
marki en þegar reikningur fyrir gistingu er gefinn út. Af
því leiðir að heimilt er að innheimta skattinn við komu við-
skiptavina eða við útgáfu reiknings.

1.4.4.1 Gisting afbókuð eða viðskiptavinur mætir ekki

Hafi rekstraraðili innheimt gistináttaskatt við sölu gistingar
í stað þess að innheimta hann við komu viðskiptavinar og
hann annað hvort afbókar gistingu með takmörkuðum
endurgreiðslumöguleikum eða hann mætir ekki (e. „no
show“), ber að endurgreiða viðskiptavininum þegar inn-
heimtan gistináttaskatt. Geti rekstraraðili ekki komið við
endurgreiðslu til viðskiptavinar ber honum að skila gistinátta-
skattinum í ríkissjóð með uppgjöri þess tímabils sem upphaf-
lega bókunin tók til eða þegar afbókun átti sér stað, á því
tímamarki sem á undan kemur.

1.4.5 Uppgjör gistináttaskatts

Uppgjörstímabil gistináttaskatts eru tveir mánuðir í senn, þ.e.
janúar-febrúar, mars-apríl o.s.frv. Gjaldþagi er fimmti dagur
annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Ríkisskattstjóri ákveður form skýrsluskila og skulu skatt-
skyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda

seldra gistinátta eða fjölda farþega skemmtiferðaskips á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

Nánari upplýsingar um gistináttaskatt.

1.5 Innviðagjald

Þeim sem hafa með höndum rekstur skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum ber að greiða innviðagjald fyrir hvern farþega um borð í skipinu fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem skipið dvelur í höfn hér á landi eða annarsstaðar á tollsvæði ríkisins.

Innviðagjaldið fyrir hvern farþega á hvern byrjaðan sólarhring skal vera 2.500 kr.

1.5.1 Undanþágur frá greiðslu innviðagjalds

Ef skemmtiferðaskip í millilandasiglingu leggst að höfn hér á landi og fyrir liggur með sannanlegum hætti að skipið hafi verið í nauðum statt vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda eða ófriðar ber ekki að greiða innviðagjald sbr. kafla 1.5. Enn fremur ber ekki að greiða innviðagjald fyrir áhöfn og annað starfsfólk um borð.

1.5.2 Uppgjör innviðagjalds

Uppgjörstímabil innviðagjalds telst vera sá tími sem skipið er innan tollsvæðis ríkisins hverju sinni. Gjalddagi er sjö dögum eftir að skip yfirgefur tollsvæðið.

Ríkisskattstjóri ákveður form skýrsluskila og skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila Skattinum skýrslu um fjölda farþega á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

1.6 Sala á gistipjónustu í blandaðri starfsemi

Almenna reglan er sú að hafi aðili að einhverju leyti með höndum sölu á annarri gistingu en hótél- og gistiherbergi eða tjaldstæði, til skemmri tíma en eins mánaðar, ber honum að innheimta virðisaukaskatt í lægra skatthlutfallinu af starfsemi sinni. Aðili sem rekur skattskylda gistipjónustu hluta úr ári og fasteignaleigu hluta úr ári telst vera með blandaða starfsemi enda hafi hann með höndum sölu á skattskyldri gistipjónustu í fimm mánuði á ári eða skemur.

2 Fólksflutningar

Almennt eru fólksflutningar skattskyld starfsemi en þó með þeim veigamiklu undantekningum að akstur leigubíreiða og almenningssamgöngur eru undanþegnar virðisaukaskatti.

2.1 Fólksflutningar innanlands

Almenningssamgöngur á landi, í lofti og á legi eru undanþegnar virðisaukaskatti. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðapjónustu fatlaðs fólks, skipulagðrar ferðapjónustu aldraðra, skipulagðs flutnings skólabarna, sjúkraflutninga og aksturs leigubíreiða. Að því leyti sem fólksflutningar eru undanþegnar virðisaukaskatti nær undanþágan einnig til farangurs farþega og flutnings ökutækja sem er í beinum tengslum við flutning farþega. Til farangurs í þessu sambandi teljast m.a. reiðhjól og hjólastólar. Flutningur farangurs án farþega er skattskyldur í hærra skatthlutfallinu.

Aðrir fólksflutningar en að framan greinir eru skattskyldir í lægra skatthlutfalli, þar með taldar ýmiss konar skipulagðar hópferðir undir leiðsögn í afþreyingarskyni, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvala- skoðunarferðir, sjóstangaveiðiferðir og útsýnisferðir.

Skattskyldan í lægra skatthlutfallinu gildir einnig um farangur farþega og afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til í ýmiss konar skipulagðar hópferðir undir leiðsögn í afþreyingarskyni. Það telst aftur á móti til skattskyldrar lausafjárleigu í hærra skatthlutfallinu ef annar en skipuleggjandi farar leggur farþega til búnað og fararskjóta í ferðina og ef afnotarétturinn takmarkast ekki að öllu leyti við hana.

2.2 Fólksflutningar milli landa

Sala á fólksflutningum milli landa telst til undanþeginnar veltu, þ.e. hún telst skattskyld en ber núll skatt. Þeim sem hafa með höndum fólksflutninga milli landa ber því að tilkynna starfsemi sína til Skattsins til skráningar á virðisauka-skattsskrá en þurfa þó ekki að innheimta virðisaukaskatt af þeim viðskiptum. Réttur til að telja virðisaukaskatt af aðföngum til starfseminnar til innskatts er til staðar, ólíkt því sem á við um almenningssamgöngur, þrátt fyrir að ekki beri að innheimta virðisaukaskatt af viðskiptunum.

2.3 Þjónusta leiðsögunanna

Ferðaleiðsögn ber virðisaukaskatt í lægra skatthlutfallinu, þar með talin þjónusta sjálfstæðra leiðsögunanna í atvinnuskyni og skiptir ekki máli hvort þeir selji þjónustu sína til aðila í skattskyldri starfsemi eða undanþeginni.



2.4 Sala á akstursþjónustu

Virðisaukaskattsskyld þjónusta bifreiðastjóra sem selur akstursþjónustu getur ýmist fallið undir lægra eða hærra skatthlutfallið eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

2.4.1 Bifreiðastjóri á eigin bifreið

Selji bifreiðastjóri fólksflutninga á eigin bifreið til ferðaþjónustufyrirtækis í virðisaukaskattsskyldum fólksflutningum ber þjónusta hans virðisaukaskatt í lægra skatthlutfallinu. Selji bifreiðastjóri fólksflutninga á eigin bifreið til aðila í undanþegnum almenningssamgöngum ber þjónusta hans ekki virðisaukaskatt. Í þeim tilfellum sem aðili selur fólksflutninga sem teljast hvoru tveggja skattskyldir og undanþegnir telst hann vera í blandaðri starfsemi. Sjá hér nánari upplýsingar í kafla 8.1 um blandaða sölu.

2.4.2 Bifreiðastjóri án eigin bifreiðar

Þjónusta bifreiðastjóra án eigin bifreiðar telst til akstursþjónustu sem ber ávallt virðisaukaskatt í hærra skatthlutfallinu. Ekki skiptir í því tilfelli máli hvort um sé að ræða sölu akstursþjónustu í þágu virðisaukaskattsskyldra fólksflutninga eða fólksflutninga sem undanþegnir eru virðisaukaskatti, t.d. almenningssamgöngur.

2.4.3 Þjónusta leiðsögumanns og bifreiðastjóra sama aðila

Selji aðili samtímis akstursþjónustu án eigin bifreiðar í hærra skatthlutfallinu og leiðsögubjónustu sem fellur í lægra skatthlutfallið ber að sundurliða hvora þjónustuna fyrir sig á reikningi. Komi engin sundurliðun fram á reikningnum ber að leggja virðisaukaskatt á alla þjónustuna í hærra skatthlutfallinu. Selji aðili fólksflutninga á eigin bifreið og þjónustu leiðsögumanns á sama tíma fellur hvor þjónustan fyrir sig í lægra skatthlutfallið og þarf því ekki sundurliðun á reikningi. Nánari upplýsingar um blandaða sölu er að finna í kafla 8.1.

3 Veitingaþjónusta – sala á matvörum

Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis, eins og skilgreint er í viðauka við lög um virðisaukaskatt, sjá viðauka A, ber virðisaukaskatt í lægra skatthlutfalli. Sala veitingahúsa á tilreiddum mat og veislubjónusta er skattskyld í sama skatthlutfalli, þar með talin sala áfengis og áfengra drykkja.

Aðstöðuleiga, t.d. fyrir veitingar og samkomur, er aftur á móti skattskyld í hærra skatthlutfallinu. Sama gildir um þjónustu við framreiðslu veitinga sem seld er sérstaklega.

4 Bifreiða- og ökutækjaleigur o.fl.

Útleiga bifreiða og annarra ökutækja er virðisaukaskattsskyld í hærra skatthlutfallinu. Einnig er önnur leiga lausafjár í atvinnuskyni virðisaukaskattsskyld í sama skatthlutfalli, þar með talin hestaleiga, vélsleðaleiga og leiga á fjórhjólum þegar ekki er um að ræða leigu í tengslum við skipulagða ferð undir leiðsögn fararstjóra.

5 Starfsemi ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga

Starfsemi ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga getur ýmist borið virðisaukaskatt í hærra skatthlutfallinu, lægra skatthlutfallinu, núll-skatt en með heimild til innskattsfrádráttar eða verið undanþegin virðisaukaskatti og þá án innskattsheimildar, sbr. eftirfarandi:

5.1 Velta í hærra skatthlutfallinu

Milliganga um sölu, umboðs- og umsýslusala eða endursala á vörum og þjónustu sem skattskyld er í hærra skatthlutfallinu er jafnframt virðisaukaskattsskyld í sama skatthlutfalli. Sem dæmi má í þessu sambandi nefna sölu minjagripa, milligöngu um leigu eða leigu í eigin nafni á aðstöðu fyrir veitingar, leigu á bifreið eða öðru lausafé, t.d. fjórhjóli og vélsleða án stjórnanda, þ.e. þegar ekki er um að ræða leigu í tengslum við skipulagða ferð undir leiðsögn fararstjóra, sbr. kafla 2.1.

5.2 Velta í lægra skatthlutfallinu

Milliganga um sölu eða afhendingu, þ.m.t. þóknun fyrir umboðs- og umsýslusölu, og endursala á vörum og þjónustu sem skattskyld er í lægra skatthlutfallinu sem og milliganga um sölu eða afhendingu á undanþeginni þjónustu er skattskyld í lægra hlutfallinu. Dæmi um starfsemi sem fellur hér undir er t.a.m. milliganga um sölu eða sala í eigin nafni á gistiþjónustu, veitingaþjónustu, skattskyldum fólksflutningum og milliganga um sölu á veiðileyfum í ár og vötn og aðgangi að söfnum, tónleikum og íþróttaviðburðum.

5.3 Velta undanþegin virðisaukaskatti (núll skattur)

Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda að því leyti

sem hún varðar fólksflutninga milli landa annars vegar, s.s. sölu sólarlandaferða eða viðskiptaferða, og vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands hins vegar telst ekki til skattskyldrar veltu, þ.e. sú sala ber í raun núll skatt. Enginn útskattur er því innheimtur af þessum viðskiptum en innskattsréttur er fyrir hendi. Hafi ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eingöngu með höndum viðskipti af þessum toga ber þeim engu að síður skylda til að tilkynna um starfsemi sína til Skattsins til skráningar á virðisaukaskattsskrá sbr. kafla 7.

5.4 Undanþegin starfsemi

Hafi ferðaskrifstofur eða ferðaskipuleggjendur með höndum kaup og endursölu, umboðs- eða umsýslusölu á þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er slík sala einnig undanþegin virðisaukaskatti, s.s. sala veiðileyfa í ár og vötn og sala á aðgangi að söfnum, tónleikum og íþróttaviðburðum. Milliganga um undanþegna þjónustu er hins vegar skattskyld í lægra skatthlutfallinu sbr. framangreint.

Hafi ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi með höndum annarskonar starfsemi en að framan greinir er hún skattskyld í hærra skatthlutfallinu nema starfsemin sé sérstaklega felld undir lægra skatthlutfallið eða er undanþegin virðisaukaskatti.

6 Baðhús, baðstaðir og gufuböð

Aðgangur að baðstöðum, baðhúsum, gufubaðstofum og heilsulindum, annars staðar en í hefðbundnum íþróttamannvirkjum, er virðisaukaskattsskyldur í lægra skatthlutfallinu. Eingöngu aðgangseyrir að slíkum stöðum fellur undir lægra skatthlutfallið. Önnur virðisaukaskattsskyld starfsemi sem fram fer samhliða aðgangi að baðstað, svo sem hvers kyns snyrtiþjónusta, fellur undir hærra skatthlutfallið.

Aðgangur að baðaðstöðu í hefðbundnum íþróttamannvirkjum, svo sem sundlaugum og líkamsræktarstöðvum, er aftur á móti undanþegin virðisaukaskatti.

7 Skráning á virðisaukaskattsskrá

Sérhver skattskyldur aðili skal tilkynna Skattinum um starfsemi sína eða atvinnurekstur til skráningar á virðisaukaskattsskrá eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst.

Hafi erlent fyrirtæki, t.d. ferðaskrifstofa eða fólksflutninga-fyrirtæki, sem rekur hér skattskylda starfsemi ekki fasta starfsstöð hérlandis ber því að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig, þar með talið að tilkynna um starfsemina til Skattsins, innheimta virðisaukaskatt af starfseminni og skila honum í ríkissjóð.

Ríkisskattstjóri færir aðila á virðisaukaskattsskrá, útlutar skráningarnúmeri (VSK-númeri) og gefur út staðfestingu á að skráning hafi átt sér stað. Breytingar sem verða á starfsemi fyrirtækis eftir skráningu skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir breytinguna.

Nánari upplýsingar um skráningu á virðisaukaskattsskrá.

8 Tekjuskráning og bókhald

Tekjuskráning bókhaldsskyldra aðila skal byggjast á skýru og öruggu kerfi sem tryggir að unnt sé að sannreyna að allar tekjur komi fram. Öllum bókhaldsskyldum aðilum ber að færa bókhald og haga færslum, bókhaldsbókum og reiknigaskipan í samræmi við bókhaldslög.

8.1 Blönduð sala - aðgreining á sölureikningum

Við sölu á vöru eða þjónustu sem er að hluta skattskyld og að hluta undanþegin virðisaukaskatti skal halda viðskiptum sem eru skattskyld greinilega aðgreindum á reikningi frá öðrum viðskiptum. Jafnframt skal aðgreina á reikningi skattskylda sölu eftir skatthlutföllum þannig að heildarverð vöru og þjónustu ásamt virðisaukaskatti komi fram vegna hvors skatthlutfalls. Ef þessa er ekki gætt ber öll salan virðisaukaskatt í hinu almenna skatthlutfalli.

Nánari upplýsingar um bókhald og tekjuskráningu.

9 Innskattur

Meginreglan er sú að skráður aðili má telja virðisaukaskatt af keyptum vörum og skattskyldri þjónustu (aðföngum) til innskatts þegar aðföngin varða eingöngu sölu hans á vörum og skattskyldri þjónustu. Hins vegar er virðisaukaskattur af aðföngum, sem varða starfsemi sem undanþegin er skattskyldu á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, ekki endurgreiðsluhæfur í formi innskatts.

Aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem er virðisaukaskattsskyld að hluta en að hluta undanþegin hafa aftur á móti heimild til að telja til innskatts virðisaukaskatt af

aðföngum sem keypt eru til nota bæði vegna skattskylds þáttar og skattfrjáls þáttar í starfsemi aðila (blönduð not) í sama hlutfalli og skattskyld velta er af heildarveltu ársins.

Hér á eftir verður fjallað um þær reglur sem gilda um innskattsfrádrátt í einstökum greinum ferðaþjónustu.

9.1 Innskattur vegna gistipjónustu

Almennar reglur gilda um frádrátt innskatts vegna kaupa á aðföngum til virðisaukaskattsskyldrar gistipjónustu.

Selji aðili skattskylda gistipjónustu í blandaðri starfsemi getur hann nýtt sér innskatt í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu (án virðisaukaskatts) er af heildarveltu ársins. Ef húsnæði er notað að hluta fyrir gistipjónustu en að hluta til annarra nota þar sem engum frádráttarrétti er til að dreifa er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna aðkeyptar vinnu við endurbætur, viðgerðir og viðhald að því leyti sem þessi vinna varðar beinlínis þann hluta húsnæðisins sem notaður er fyrir skattskyldan rekstur. Skilyrði er að seljandi vinnu eða þjónustu taki fram á sölureikningi sínum við hvaða hluta húsnæðisins hafi verið unnið. Ef slík vinna varðar ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðisins er heimilt að reikna virðisaukaskatt til innskatts í sama hlutfalli og flatarmál þess hluta eignar sem notuð er vegna skattskyldrar starfsemi er af heildarflatarmáli eignarinnar.

Sá sem rekur gistipjónustu í heimahúsi getur ekki talið til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varðar öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis nema að því er varðar sérgreindan hluta húsnæðisins þar sem starfsemin fer fram og einungis ef það er notað að öllu leyti fyrir starfsemina. Séu þau skilyrði ekki uppfyllt er ekki fyrir að fara innskattsrétti vegna húsnæðisins. Þrátt fyrir það er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum er sannarlega varða gistipjónustu, s.s. vegna kaupa á rúmum, dýnum og sængurverum. Ef aðili á engan innskattsrétt, eða einungis að hluta, getur hann sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu manna á byggingarstað við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæðinu.

Ef atvinnuhúsnæði (til nota í gistipjónustu) og íbúðarhúsnæði er í sömu byggingu verður skipting í þessa tvo flokka húsnæðis að liggja fyrir á formlegan hátt með skráningu í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ef telja á aðföng vegna húsnæðisins til innskatts. Liggja slík skráning fyrir er skráðum aðila heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af byggingarframkvæmdum o.s.frv. við atvinnuhúsnæðið, enda noti hann það einungis fyrir skattskylda starfsemi sína og ekki á neinn hátt til íbúðar.

Verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna skattskyldrar starfsemi, t.d. ef aðili hættir

virðisaukaskattsskyldri gististarfsemi, ber að leiðrétta áður fenginn innskatt af varanlegum rekstrarfjármunum eftir nánari reglum sem fram koma í reglugerð um innskatt.

9.2 Innskattur vegna fólksflutninga

9.2.1 Fólksbifreiðar í farþegaflutningum

Heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af kaupum fólksbifreiða sem eingöngu eru notaðar til farþegaflutninga í ferðaþjónustu samkvæmt sérstöku leyfi Samgöngustofu, bifreiðin sé sérmerkt og að leyfisbréfið sé til taks í bifreiðinni. Sé bifreið nýtt að hluta til í farþegaflutninga í ferðaþjónustu og að hluta til annarra nota er enginn innskattsréttur til staðar vegna bifreiðarinnar, hvorki vegna öflunar né rekstrar.

Nánari upplýsingar um meðferð innskatts vegna fólksbifreiða í farþegaflutningum er að finna í leiðbeiningum um meðferð virðisaukaskatts af bifreiðum.

9.2.2 Hópbifreiðar

Heimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna kaupa á hópbifreið þegar nýta á bifreiðina í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Sé bifreiðin nýtt að hluta í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og að hluta til annarra nota, t.d. í undanþeginni starfsemi, er heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af kaupnum í því hlutfalli sem bifreiðin er nýtt til hinnar

skattskyldu starfsemi sem hluta af heildarstarfsemi. Hið sama gildir um innskatt vegna reksturs hópbifreiðarinnar, sé hún nýtt að hluta í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og að hluta í undanþeginni starfsemi.

Nánari upplýsingar um meðferð innskatts vegna hópbifreiða er að finna í leiðbeiningum um meðferð virðisaukaskatts af bifreiðum.

9.3 Innskattur ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda

Almennar reglur um færslu innskatts vegna kaupa á aðföngum til skattskyldrar starfsemi gilda um starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Hafi slíkir aðilar eingöngu með höndum sölu á þjónustu sem telst til undanþeginnar veltu er þrátt fyrir það til staðar heimild til að færa virðisaukaskatt af aðföngum til starfseminnar til innskatts samkvæmt almennum reglum þar um.

Hafi ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi að einhverju leyti með höndum starfsemi sem fellur undir undanþegna starfsemi, þ.e. starfsemi sem ekki fellur undir skattskyldu-svið virðisaukaskatts, ásamt skattskyldri starfsemi, gilda reglur um innskatt af blandaðri starfsemi, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.

Viðauki A – Matvörur og aðrar vörur til manneldis

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 11% virðisaukaskatt:

- a. Vörur í 2. til og með 4. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 0301.1100–0301.9990 0401.1009, 0401.2009, 0401.4009 og 0401.5009.
- b. Vörur í tollskrárnúmerum 0504.0001–0504.0009 og 0511.9125, 0511.9901 og 0511.9902.
- c. Vörur í 7. til og með 13. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1001.1910, 1001.9910, 1002.9010, 1003.9010, 1004.9010, 1005.9001, 1106.2001, 1007.9010, 1008.2910, 1008.2001, 1008.3001, 1008.4010, 1008.5010, 1008.6010, 1008.9010, 1101.0021, 1102.2001, 1102.9011, 1102.9091, 1103.1101, 1103.1311, 1103.1321, 1103.1901, 1103.2001, 1104.1221, 1104.1901, 1104.2221, 1104.2301, 1104.2901, 1104.3001, 1105.2001, 1106.2001, 1108.1301, 1203.0000, 1209.1001–1209.9909, 1211.3000, 1211.4000, 1211.9009, 1213.0011–1213.0029, 1214.1000, 1214.9000, 1301.9009, 1301.9009, 1302.1100, og 1302.1909.
- d. Vörur í tollskrárnúmerum 1501.1011, 1501.2011, 1501.2021, 1501.9011, 1501.9021, 1502.1010, 1502.9010, 1502.9030, 1503.0001, 1504.1001–1504.3009, 1506.0001, 1507.1001, 1507.9001, 1508.1001, 1508.9001, 1509.1001, 1509.9001, 1510.0001, 1511.1001, 1511.9001, 1512.1101, 1512.1901, 1512.2101, 1512.2901, 1513.1101, 1513.1901, 1513.2101, 1513.2901, 1514.1101, 1514.1901, 1514.9101, 1514.9901, 1515.2101, 1515.2901, 1515.5001, 1515.9001 og 1516.1001–1517.9009.
- e. Vörur í 16. til og með 21. kafla, þó ekki vörur í tollskrárnúmerum 1703.1001, 1703.9001, 2102.2003 og 2106.9032–2106.9038.
- f. Vörur í tollskrárnúmerum 2201.1011–2201.9090, 2202.1011–2202.9099, 2203.0011–2203.0019, 2204.1011–2204.1019, 2204.2111–2204.2119, 2204.2131–2204.2139, 2204.2911–2204.2919, 2204.2931–2204.2939, 2204.3011–2204.3019, 2205.1011–2205.1019, 2205.9011–2205.9019, 2206.0031–2206.0039, 2208.7021–2208.7029, 2208.9071–2208.9079 og 2209.0000.
- g. Vörur í tollskrárnúmerum 2501.0001, 2836.3001, 2836.4001, 2836.9902, 2905.4910, 2918.1200, 2918.1300, 2922.4201, 2924.2960, 2925.1101, 2932.1910, 2934.9910, 2938.9010, 2940.0010, 3203.0001, 3302.1010, 3501.9001, 3502.1101, 3502.1901, 3502.2001, 3502.9001, 3503.0011, 3503.0021, 3824.9008 og 3917.1000.
- h. Vörur (áfengi) í tollskrárnúmerum:

2203.0091–2203.0099		
2204.1021–2204.1029	2204.2991–2204.2999	2208.3011–2208.3019
2204.1031–2204.1039	2204.3021–2204.3029	2208.4011–2208.4019
2204.2121–2204.2129	2205.1021–2205.1029	2208.5031–2208.5039
2204.2141–2204.2149	2205.1091–2205.1099	2208.5041–2208.5049
2204.2151–2204.2159	2205.9021–2205.9029	2208.6011–2208.6019
2204.2161–2204.2169	2205.9091–2205.9099	2208.7081–2208.7089
2204.2191–2204.2199	2206.0041–2206.0049	2208.9021–2208.9029
2204.2921–2204.2929	2206.0051–2206.0059	2208.9031–2208.9039
2204.2941–2204.2949	2206.0081–2206.0089	2208.9081–2208.9089
2204.2951–2204.2959	2208.2021–2208.2029	2208.9091–2208.9099
2204.2961–2204.2969	2208.2081–2208.2089	